

# Skólaráð Naustaskóla

10. fundur ársins 2013 þann 11. desember 2013

## Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon og Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Aníta Jónsdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir og Halla Jóhannesdóttir

Fulltrúar nemenda ekki viðstaddir þennan fund.

## Dagskrá og afgreiðslur:

- Sérfræðipjónusta skóla.** Umræður um þá sérfræðipjónustu sem skólinn hefur aðgang að. Reynsla síðustu missera hefur verið sú að það virðist gríðarlegt álag á sérfræðipjónustunni t.d. hefur verið mjög langur biðtími eftir þjónustu sálfræðinga og einnig oft töluverður viðbragðstími hjá barnavernd og úrvinnsla mála tekur langan tíma. Þá er einnig áberandi togstreita milli ríkis og sveitarfélags um verkaskiptingu og kostnað. Oft upplifir skólinn að fátt sé um úrræði til stuðnings nemendum og fjölskyldum og er þá starfsfólk skólans stundum komið töluvert út fyrir sitt hlutverk. Unnin hefur verið skýrsla á vegum bæjarins þar sem koma fram nokkrar tillögur til úrbóta sem unnið er að. Ábending kom fram um að þörf væri á meiri opinberri umræðu um þessi mál og þrýstingi á stjórnvöld um að bæta úr.
- Námsaðlögun og kennsluaðferðir.** Undir þessum lið fór fram umræða um aðkomu Miðstöðvar skólaþróunar HA sem óskað var eftir nú á dögnum. Fyrstu áherslur í þeirri vinnu er að athuga hvernig þau markmið sem skólinn setur sér birtast í áætlunum og síðan í starfsháttum, þ.e. hvernig þau skila sér til nemenda. Einnig kynnt að umræður hafa verið um hvort mögulegt sé að bæta í stjórnunarteymi skólans nú eftir áramótin, ekki er hins vegar komin niðurstaða í því máli.
- Niðurstöður samræmdra prófa og læsisprófa.** Niðurstöður samræmdra prófa voru kynntar á síðasta fundi, ekki liggja enn fyrir niðurstöður úr læsisprófum. Rætt var um almennt minnkandi lesskilning hjá börnum og hvaða ráð væru hugsanleg til að bregðast við því. Sl. vor kom upp sú hugmynd að efna til samstarfs við Guðm. Engilbertsson um að byggja upp vef eða hugmyndabanka sem gæti stutt við lestur hjá nemendum. Við munum athuga hvort við getum ekki gert alvöru úr þeirri hugmynd.
- Námsmat.** Skv. áætlun sem sett var fram í starfsáætlun skólans var gert ráð fyrir að mat á lykilhæfni færi í fyrsta sinn fram í janúar. Það þykir tæplega raunhæft að fullkomið mat geti farið fram á þeim tímapunkti en stefnt er að því að nýta tækifærið til að kynna lykilhæfnihugtökin og efla umræðu um þau. Einnig rætt að skv. upplýsingum sem borist hafa eftir krókaleiðum frá Menntamálaráðuneyti virðast skólar ekki mega nota matsviðmið aðalnámskrár og bókstafi til að skila frá sér lokamati úr grunnskóla. Skólastjóri er að leita eftir upplýsingum um hvort þetta sé virkilega raunin en ef svo er þurfum við að endurskoða hjá okkur námsmat í 10. bekk.
- Önnur mál.**
  - Böll hjá nemendum.** Ábending um að leitast við að hafa böll frekar snemma í mánuðinum en í lok mánaðar.

Stefnt er að næsta fundi miðvikudaginn 8. janúar.